INCEPT-Albúmín

Bakgrunnur

Alvarleg blóðrásarbilun, svokallað lost, er algeng ástæða innlagnar á gjörgæsludeild. Lost getur komið í kjölfar alvarlegra sýkinga, mikils blóðtaps eða hjartabilunar. Albúmín er protein sem hefur verið notað í meðferð losts í mörg ár. Albúmín er notað til að bæta blóðflæði, en óvíst er hvort notkun þess leiði til betri útkomu sjúklinga.

Tilgangur *INCEPT-Albúmín*

Tilgangur undirrannsóknarinnar *INCEPT-Albúmín* er aðmeta áhrif þess að nota albúmín samanborið við að nota það ekki við meðferð á losti.

Hvaða meðferðir eru rannsakaðar

Aðstandandi þinn hefur annað hvort: 1) fengið albúmín sem hluta af vökvameðferð við losti og lágu plasma-albúmíni, eða 2) ekki fengið albúmín nema læknir hafi talið það nauðsynlegt við sérstakar aðstæður. Aðstandi þinn fékk meðferðina meðan hann/hún var á gjörgæsludeild, að hámarki í 90 daga. Við metum áhrif og öryggi þess að nota eða nota ekki albúmín eins og lýst er í almenna kynningarefninu.

Mögulegar aukaverkanir, áhætta og fylgikvillar

Albúmín telst lyfjaafurð og öryggi þess er vel þekkt. Algengar aukaverkanir eru ógleði og hiti. Mjög sjaldgæft er að sjá alvarleg ofnæmisviðbrögð. Óvæntar aukaverkanir eru afar ólíklegar.

Tímarammi og fjármögnun

Undirtilraunin stendur yfir þar til hægt er að draga áreiðanlegar ályktanir og því er ekki vitað hvenær hún lýkur, en líklegt er að það verði árið 2028.

INCEPT-Albúmín er að hluta til fjármagnað af *Independent Research Fund Denmark* (um 594.000 evrur).